

## 068/00 - Bv. Ljósafell SU-70

Ljósafell SU-70, skipverji slasast þegar hann fellur úr lausum stiga í lest

### Bv. Ljósafell SU-70

**Skipaskr.nr.:** 1277

**Smíðaður:** í Japan 1973 úr stáli

**Stærð:** 549,28 brl; 837,00 bt

**Lengd:** 55,90 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Niigata 1.691,00 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 17



Haraldur Böðvarsson ©Fiskifélag Íslands

### Atvikalýsing

Hinn 24. maí 2000 var bv. Ljósafell að veiðum á Papagrunni. Veður: hægviðri.

Nokkrir skipverjar unnu í lest við að ganga frá aflanum sem var ísaður í kassa í lestinni. Aðgangur að lestinni var um lausan álstiga sem lá úr mannopí niður í tóman plastkassa sem var í röð kassa skáhallt fyrir neðan mannopíð. Kassinn sem álstiginn var í var í kassaröð sem var nokkrum kössum hærri en næsta kassaröð fyrir framan í lestinni.

Einn skipverjanna sem vann í lestinni hugðist fara upp til að láta vita að þeir sem unnu í fiskvinnslunni mættu láta aðra fisktegund koma niður. Þegar hann var kominn í annað eða þriðja þrep stigans á leiðinni upp rann kassinn, sem stiginn var í af stað út úr kassaröðinni og við það féll maðurinn úr stiganum og kom illa niður á kassa fyrir neðan og meiddist. Skipverjinn komst upp úr lestinni og til klefa síns. Var hinn slasaði skoðaður og haft samráð við lækni. Með hliðsjón af ástandi hins slasaða var skipinu síðan siglt til hafnar nokkrum klukkustundum síðar þar sem honum var komið til læknis.

### Við rannsókn kom fram

- að stiginn var ekki festur á neinn hátt utan það að vera skorðaður í röð kassa í lest skipsins;
- að ekki er upplýst hvernig stiginn sneri í skipinu (þverskips eða langskips);
- að ekki er upplýst hvernig kassinn gat skriðið fram úr kassastæðunni ef kassaröðin sem stiginn stóð í náði á milli skipssíða;
- ekki er upplýst hvort skipverjinn, sem slasaðist, steig þannig í stigann að hann hafi getað spryrnt kassanum úr röðinni;
- að ekki er ljóst í hvaða röð frá botni lestar kassinn var sem stiginn stóð í;
- að engar upplýsingar eru um hvaða fyrirmæli höfðu verið gefin af hálfu skipstjórnarmanna varðandi notkun á lausum stiga í lest.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir þetta slys ef fylgt væri reglum um vinnuöryggi um borð í fiskiskipum varðandi frágang á stigum um borð í skipi. Lausa færانlega stiga á ekki að nota um borð í skipi nema tryggilega sé gengið frá honum þegar á að nota hann.

Svo virðist sem eftirlit með öryggisþáttum hafi verið áfátt um borð þar sem skipverjar létu það viðgangast að nota lausan stiga við að fara í og úr lest. Slys orsakast af hættulegum

aðstæðum og/eða hættulegum aðgerðum.